

Stjórnarfundur 17. apríl 2017

Mættir: Steindór, Hilmar, Anna G., Gunnrún, Guðný, Harpa, Anna M., Sigurrós, Guðrún, Kristín, Sigurbór, Árni, Vala, Sigurbjörg.

1. Fréttir af sundþingi

Málefnalegt og rólegt sundþing.

Steindór tók við gullmerki SSÍ og Sigurbjörg sem var ekki á landinu til þess að taka við sínu mun fá sitt við fyrsta tækifæri.

Íþróttamannanefnd stofnuð, hvert félag á að tilnefna einn sundmann 13 ára og eldri sem verður á lista en svo verða kosnir 5 sundmenn af listanum (hver sundmaður velur fimm). Nefndin verður rödd sundmanna fyrir stjórn SSÍ.

2. Landsbankamót

Mótið er 12.-14. maí.

Ákveðið að breyta uppsetningu mótsins þannig að 13 ára og eldri syndi eftir hádegi báða dagana.

Rætt um hvort það sé ekki nauðsynlegt að taka botninn upp til þess að mótið sé löglegt.

Sigurbjörg sendir póst vegna botnsins.

Harpa gerir starfsmannaskjal.

Steindór gerir drög að bréfi og greinaröðun.

Sjoppa-Árni skipar Unni sjoppustjóra.

Guðný utanumhald um bókanir og uppgjör.

Falur sér um matarmál.

Harpa hefur samband við Holtaskóla varðandi gistingu.

Falur og Harpa ætla að sjá um tækniherbergið.

Sigurbór ætlar að athuga með aðstöðu til ljósritunar.

3. Lokahóf og viðurkenningar

Steindór er með ákveðnar tillögur varðandi viðurkenningar.

Rætt hvort það sé kominn tími á breytingu á skipulagi lokahófsins sem hefur verið með sama sniði. Hugmynd að stytta hófið og einfalda það.

Hilmar ætlar að athuga með tilboð í hamborgara og hvort salurinn sé laus í Íþróttahúsinu í Keflavík.

4. Næsta ár – þjálfaramál

Hjördís ætlar að hætta, hinir eru líklegast flestir eða allir áfram.

Okkur vantar jógakennara-athuga með Jóhönnu.

5. Sumarsund

Skipulagt á næstu dögum og höfum samband við hugsanlega þjálfara.

6. Önnur mál

Erindi frá Keflavík-það á að skila inn óskalista til ÍRB

Stungupallar, áhorfendabekkir, færsla á tækniherbergi.

Á dögnum sendum við bréf þar sem við óskuðum eftir því að laugin í nýja skólanum í Innri Njarðvík verði höfð 25 m þar sem mikil þörf er á meira laugarplássi í stærri laug. Myndi breyta miklu fyrir sundkrakka í Innri Njarðvík.